

Erindisbréf Starfshópur um loftlagsmál í Hafnarfirði

Hlutverk:

Markmið starfshópsins er að móta stefnu bæjarins og setja fram verkáætlun í loftlagsmálum.

Til hliðsjónar skal horfa til gildandi umhverfis- og auðlindastefnu bæjarins með tilliti til mögulegra úrbóta í loftlagsmálum, [Aðgerðaráætlun](#) íslenskra stjórnvalda í loftlagsmálum sem og heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna, [nr. 13](#), um aðgerðir í loftlagsmálum.

Skipan hópsins:

Starfshópurinn skipa þrjár fulltrúar, tveir fulltrúar frá meirihluta og einn fulltrúi frá minnihluta skipaðir af umhverfis- og framkvæmdarráði.

Starfsmenn hópsins eru:

Guðmundur Elíasson umhverfis- og veitustjóri, Berglind Guðmundsdóttir landslagsarkitekt og Ishmael David verkefnastjóri.

Skipulag:

Hópurinn tekur til starfa eftir að erindisbréf hefur verið samþykkt af umhverfis- og framkvæmdarráði og skipað hefur verið í starfshópurinn. Hópurinn starfar í umboði umhverfis- og framkvæmdarráðs.

Starfshópurinn mótar stefnu og verkáætlun Hafnarfjarðarbæjar loftlagsmálum.

Gert er ráð fyrir að hópurinn fundi að hámarki 6 sinnum. Áætlaður kostnaður er um 600.000 kr.

Starfshópurinn skal halda fundargerðir sem lagðar verða fyrir umhverfis- og framkvæmdarráð. Starfshópnum er óheimilt að stofna til kostnaðar án samþykkis umhverfis- og framkvæmdarráðs, fjárheimildir skulu vera fyrir útgjöldum.

Lokaskýrslu með tillögum skal skilað til umhverfis- og framkvæmdarráðs fyrir 1. júní 2021.

Samþykkt á fundi umhverfis- og framkvæmdarráðs þann xx.xx.2021.

Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal samþætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku